

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum sem hér segir frá og með 1. janúar 2004 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,36 kr. á lítra
Gasolía	0,73 kr. á lítra
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,35 kr. á kg
Flugvélabensín	0,10 kr. á lítra
Flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,10 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, 17. desember 2003.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Af öllum húseignum í Bessastaðahreppi skal greiða árlega fráveitugjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 15. gr. samþykktar um fráveitu í Bessastaðahreppi.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,15% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til

eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaganna, sbr. lög nr. 137/1995, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 16. desember 2003, sbr. samþykkt um fráveitu í Bessastaðahreppi frá 16. febrúar 2003, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Bessastaðahreppi, 17. desember 2003.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar auglýsir hér með deiliskipulag fyrir íbúðar- og athafnasvæði í Reykárhverfi sbr. eftirfarandi:

a. Íbúðarbyggð sunnan Reykár.

Hluti opins svæðis er tekinn undir íbúðarbyggð fyrir 5 einbýlishús og leiksvæði fyrir börn. Hluti opins svæðis áfram óhreyfður.

b. Svæði umhverfis Laugarborg.

Á svæði norðan og vestan Laugarborgar er gert ráð fyrir 21 einbýlishúsi og tveimur 4ra íbúða fjölbýlishúsum. Svæði sunnan Laugarborgar er skýrgreint sem þjónustusvæði. Þá er gatnakerfi og vegtengingum breytt frá eldra deiliskipulagi þessa svæðis samþykktu af sveitarstjórn 14. september 1999. Það skipulag er fellt úr gildi.

c. Athafnasvæði.

Athafnasvæði verður austan þjóðveggar 821 meðfram landamerkjum Grísarár. Gert er ráð fyrir 4 lóðum fyrir léttan iðnað og aðra starfsemi, sem ekki fylgir mikið umfang eða mengun.

Deiliskipulag þetta, sem kynnt hefur verið með þeim hætti sem lög ákveða, var samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 11. nóvember 2003 og öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 16. desember 2003.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.